

Sp. 925. Tillaga til þingsályktunar [497. mál]

um náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Davíð Aðalsteinsson, Eiður Guðnason,
Friðrik Sophusson, Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir,
Halldór Blöndal, Haraldur Ólafsson, Kristín Halldórsdóttir,
Kristín H. Tryggvadóttir, Stefán Benediktsson, Svavar Gestsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða, m. a. í samráði við hóp áhugamanna og Náttúrufræðistofnun Íslands, undirbúningi að byggingu yfir nútímalegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu.

Byggingarundirbúningur og fjárframlög til framkvæmda verði við það miðuð að unnt verði að opna safnið almenningi á árinu 1989 þegar 100 ár verða liðin frá stofnun Hins íslenska náttúrufræðifélags og náttúrugripasafns á þess vegum.

Greinargerð.

Um langt skeið hefur það verið draumur áhugamanna um íslenska náttúru, jafnt lærðra og leikra, að takast mætti að koma upp myndarlegu náttúrufræðisafni í höfuðstað landsins eða í grennd við hann. Hið íslenska náttúrufræðifélag var stofnað árið 1889 með það að höfuðmarkmiði að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni í Reykjavík og var það hugsað sem þjóðarsafn á sínu sviði. Fyrsti vísir að slíku safni myndaðist þegar á fyrsta starfsári félagsins sem hafði veg og vanda af safninu til ársins 1947 þegar að það var afhent ríkinu til eignar og umráða.

Náttúrugripasafnið í Reykjavík, eins og það var lengi nefnt, var til húsa í safnahúsinu við Hverfisgötu á árunum 1908—1960 en þá varð það að víkja vegna þarfa Landsbókafnsins. Þarna hafði safnið yfir að ráða 140 m² sýningarsal en þegar sýning var opnuð á nýjum stað í húsakynnum Náttúrufræðistofnunar Íslands árið 1967 var rýmið aðeins um 100 m². Þessar tölur tala skýru máli um þann þrönga stakk sem þessu aðalnáttúrugripasafni landsins hefur verið sniðinn og hvað sýningaradstöðu varðar hefur hann þrengst en ekki víkkað í tímans rás.

Á sama tíma hafa einstök bæjarfélög utan höfuðstaðarins megnað að koma upp sæmilegum náttúrugripasöfnum með litlum stuðningi af hálfu ríkisins. Má þar nefna náttúrugripasöfnin á Akureyri, í Neskaupstað, í Vestmannaeyjum og nú síðast í Kópavogi.

Það getur ekki talist vansalaust að nú, þegar nálgast aldarafmæli fyrsta náttúrugripasafnsins, skuli það búa við þrengri aðstöðu til sýninga en fyrir þremur aldarfjórðungum.

Náttúra Íslands er sérstök um margt og miklu varðar að landsmenn átti sig sem best á því hverju hún býr yfir, bæði til hagnýtingar og yndisauka. Góð náttúrufræðisöfn geta opnað augu margra, ekki síst æskufólks, fyrir sérkennum hennar og samhengi. Fyrir ferðamanninn, sem sækir Ísland heim, er æskilegt að hefja og ljúka ferð um landið á slíku safni. Nútímalegt náttúrugripasafn í höfuðstað landsins eða næsta nágrenni hans ætti að vera metnaðarmál ekki síður en gott þjóðminjasafn, listasafn og þjóðarbókhlaða.

Með tillögu þeirri, sem hér er flutt af þingmönnum úr öllum þingflokkum á Alþingi, er lögð áhersla á að hraðað verði undirbúningi að byggingu yfir myndarlegt náttúrufræðisafn á höfuðborgarsvæðinu og sett fram markmið um fjárframlög til framkvæmda svo að unnt verði að opna slíkt safn í nýjum húsakynnum á árinu 1989. Þannig yrði minnst á viðeigandi hátt brautryðjendanna sem hófu verkið með tvær hendur tómar fyrir tæpri öld, manna eins og Stefáns Stefánssonar skólameistara og Benedikts Gröndals, fyrsta safnvarðarins, svo og Bjarna Sæmundssonar sem helgaði safninu krafta sína í 35 ár (1905—1940).

Eftir að ríkið tók við náttúrugripasafninu af náttúrufræðifélaginu voru brátt sett lög um safnið (1951) og hlaut það þá nafnið Náttúrugripasafn Íslands. Þau lög voru aukin og endurskoðuð árið 1965 og nafninu þá breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands. Samkvæmt lögunum er henni m. a. falið að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands og að koma upp sýningarsafni er sé opið almenningi og veiti sem gleggst yfirlit um náttúru landsins.

Forstöðumenn Náttúrufræðistofnunar hafa á liðnum árum gert ítrekaðar tilraunir til að koma hreyfingu á byggingarmál stofnunarinnar og sýningarsafns, m. a. með því að leita eftir samvinnu við Háskóla Íslands um málið. Háskólinn keypti á sínum tíma með framlögum af happdrættisfé húsnæði fyrir Náttúrufræðistofnunina að Laugavegi 105 þar sem hún er enn og sýningarsalur á 3. hæð. Varð það á sínum tíma skilyrði fyrir einkaleyfi Háskólans til happdrættisrekstrar að koma húsi yfir safnið og telur Háskólinn sig hafa staðið við þá kvöð með nefndum kaupum. Þegar á árinu 1942 heimilaði háskólaráð að hús fyrir náttúrugripasafn risi á háskólalóðinni og enn í dag beinast sjónir manna að nálægð og tengslum við Háskólann.

Sjálfsgagt er vegna lagaákvæða og undirbúnings sem fram hefur farið á vegum Náttúrufræðistofnunar að byggingu safnhúss að náíð samráð sé haft við forráðamenn stofnunarinnar um undirbúning byggingarmálsins, og eðlilegt virðist einnig að kveðja til fulltrúa frá Háskólanum og Reykjavíkurborg vegna einstakra þátta og stuðnings þessara aðila við málið. Miðað við að nýrri safnbyggingu verði valinn staður í Reykjavík og vegna gildis slíkrar stofnunar fyrir skóla og almenning væri ekki óeðlilegt að borgin veitti fjármagn til byggingarinnar á móti ríkinu og gerðist e. t. v. beinn aðili að safninu.

Þá hefur sérstakur hópur áhugamanna um náttúrufræðisafn rætt safnmálið um skeið og gerst öflugur málsvari fyrir átak í þess þágu. Snemma árs 1983 komu nokkrir áhugamenn saman til að ræða málið og sumarið 1983 gekkst síðan Náttúruverndarfélag Suðvesturlands fyrir fræðsluferðum undir yfirskriftinni: „Náttúrugripasafn undir beru lofti“. Voru þessar ferðir skipulagðar sérstaklega með það fyrir augum að vekja athygli á bágborinni stöðu sýningarsafns Náttúrufræðistofnunar Íslands og hvetja til úrbóta. — Það var svo á stjórnarfundum í Hinu íslenska náttúrufræðifélagi 3. október 1984 að ákveðið var að hefjast handa á ný og vinna að því að koma hinu upphaflega meginbaráttumáli félagsins áleiðis og helst í höfn á næstu árum. Hefur hópur áhugamanna á vegum félagsins síðan oft komið saman og rætt sérstaklega um hlutverk og uppbyggingu nútímalegs safns á sviði náttúrufræða. Er álitgerð áhugamannahópsins, svo og ávarp um málið, dags. 17. apríl 1985, birt sem fylgiskjal með þingsályktunartillögunni.

Hafa talsmenn áhugamannahópsins þegar rætt byggingarmálið við núverandi menntamálaráðherra, Ragnhildi Helgadóttur, og Davíð Oddsson borgarstjóra sem bæði hafa lýst áhuga á málinu og heitið stuðningi við það og eru undirbúningsviðræður hafnar. Stjórnmalaflokkar hafa raunar lýst yfir stuðningi við byggingu fyrir náttúrufræðisafn, nú síðast Sjálfstæðisflokkurinn á landsfundum sínum í apríl s. 1.

Ef góður hugur og stuðningur af hálfu framkvæmdarvaldsins við hugmyndina um nútímalegt náttúrugripasafn á höfuðborgarsvæðinu kemur til og Alþingi lýsir sig þar að auki fúst til að leggja fram fé til undirbúnings og framkvæmda á næstu árum er þess að vænta að draumur brautryðjendanna verði að veruleika innan fárra ára. Öflugs stuðnings ætti einnig að mega vænta frá almenningi við þetta mál eftir að merkið hefur verið reist með myndarlegum hætti.

Slíkt meginmál á sviði náttúrufræða á einnig að geta orðið til stuðnings hliðstæðum söfnum víða á landinu og nauðsynlegt er að finna samstarfi þessara safna ákveðinn farveg. Með þeim hætti getur hér orðið um þjóðarsafn að ræða til ómetanlegrar eflingar náttúruvísinda í landinu.

Fylgiskjöl:

- I. Um náttúrufræðisafn. Greinargerð frá hópi áhugamanna.
- II. Ávarp frá hópi áhugamanna, dags. 17. apríl 1985.

Fylgiskjal I.

UM NÁTTÚRUFRAÐISAFN. Greinargerð frá hópi áhugamanna.

Skilgreining.

Náttúrufræðisafn veitir almenningi fræðslu um hina lifandi og dauðu náttúru með aðgengilegum sýningum, fræðsluerindum, fræðsluferðum eða á annan hátt, í þeim tilgangi að efla skilning á samhengi fyrirbæra náttúrunnar og auka virðingu fyrir henni.

Hlutverk.

Hlutverk íslensks náttúrufræðisafns hlýtur fyrst og fremst að vera að fræða almenning um náttúru Íslands, næstu grannlanda og hafið umhverfis. Enn fremur að veita eftir megni yfirlit um náttúru annarra svæða, almenna náttúrufræði í víðustu merkingu og þau lögmál er ríkja í náttúrunni. Safnið leggur áherslu á vistfræði og náttúruvernd, og tengsl mannsins við náttúru landsins. Einnig á nýjungar í rannsóknum, náttúrufræðifræðslu tengda atvinnuvegunum og málefni sem eru á döfnni og tengd starfsemi safnsins.

Á þennan hátt er safnið þjónustumiðstöð fyrir hina almennu gesti. Slíka fræðslu getur náttúrufræðisafn því aðeins veitt að það sé í nánum tengslum við öfluga rannsóknarstarfsemi á þessum sviðum.

Sýningarsafn.

Þegar heitin „safn“ og „sýning“ eru nefnd, sjá margir fyrir sér þögla, rykfallna skápa og borð með sýningargripum í röðum. Nútímasafn er annað og meira en þetta. Í stað þess að sýna sem flesta gripi, sem oft er raðað eftir ákveðnu fræðilegu flokkunarkerfi, er frekar reynt að sýna og lýsa völdum atriðum með skýringum á samhengi þeirra. Sem dæmi má nefna sýnishorn ólíkra vistkerfa og myndun lands og gróðurs — gróðureyðing. Til sýnis verða m. a. gripir, myndir, líkön og skýringartextar. Bæklingar þar sem efnið er nánar tekið fyrir, eru til hliðsjónar. Hljóð, myndbönd og skyggusýningar eiga mikinn þátt í að gera sýningar meira lifandi. Ekki er nauðsynlegt að loka alla safngripi inni í glerskápum. Oft er vænlegra að hafa til sýnis úrval muna, sem beinlínis er ætlast til að séu handfjatlaðir. Sum líkön geta verið hreyfanleg.

Á nútímalegu safni þurfa gestir ekki að láta sér nægja að skoða og lesa, heldur geta þeir oft tekið virkan þátt í sýningum með ýmsum hætti. Til dæmis má hafa gripi frammi svo gestir geti handfjatlað þá eða með tilkomu tölvutækninnar geta gestir sjálfir svarað spurningum um það sem verið er að sýna. Slík virkni miðar að því að vekja fólk til umhugsunar, spurninga og frekari þekkingarleitar.

Sýningar í náttúrufræðisafni verða ekki að einskorðast við dauða hluti. Lifandi dýr og plöntur, láðs og lagar, geta verið í tengslum við safnið. Einnig er hægt að blanda lifandi sýnishornum inn í hefðbundna sýningu. Til dæmis má nefna „Óhreint mjöl í pokahorninu“, sýningu um skaðvalda í matvælum.

Sýningarnar geta verið ýmiss konar:

- Fastar sýningar, sem eru endurnýjaðar á löngu tímabili.
- Skiptisýningar, sem standa í ½ til 2 ár.
- Skyndisýningar, sem setja má upp af sérstöku tilefni fyrirvaralítið.
- Skólasýningar, sem eru sérsýningar er taka mið af námsefni skólanna.

— Farandsýningar. Þær geta verið stórar í sniðum með námskeiðahaldi og fyrirlestrum, eða litlir „sýningarkassar“ til útláns fyrir skóla, námsflokka o. fl.

Að sjálfsögðu gefur safnið út ýmiss konar fræðsluefni tengt sýningum, og er hentugt fyrir almenning og skóla.

Starfsemi.

Safnið höfðar til alls almennings en sérstaklega má nefna fjölskyldur, nemendur, kennara, áhugamenn um náttúrufræði og náttúruvernd, ferðamenn og leiðsögumenn ferðamanna.

Auk beinna sýninga í eigin húsnæði stendur safnið fyrir skoðunarferðum, farandsýningum, útgáfustarfsemi. Ýmiss konar samkeppni, fræðslufundum, margs konar aðstoð við áhugamenn að ógleymdu samstarfi við skólakerfið um verkefnagerð, nemendasýningar jafnt í skólum sem á safninu og þannig mætti fleira telja. Væri náttúrufræðisafn þannig byggt upp, yrði það ekki safn sem menn heimsækja í eitt skipti fyrir öll. Það yrði iðandi af lífi, í sífelldri endurnýjun, og því raunverulegur vettvangur nýrra og betri tengsla fólks við land sitt og náttúru þess.

Að sjálfsögðu yrði þetta safn Þjóðarnáttúrufræðisafn og mundu minni söfn, skólar og aðrar stofnanir úti á landsbyggðinni njóta góðs af starfsemi þess á ýmsan hátt.

Fylgiskjal II.

ÁVARP FRÁ HÓPI ÁHUGAMANNA UM BYGGINGU NÁTTÚRUFRAEÐISAFNS.

Undanfarna mánuði hefur starfað áhugahópur um byggingu náttúrufræðisafns á Íslandi. Hópurinn er sammála um að knýjandi þörf er á að vekja áhuga og umræðu meðal almennings um náttúru Íslands.

Hópurinn minnir á að þjóðin sækir auðæfi sín með einum eða öðrum hætti í náttúru landsins. Þess vegna er mikilvægt að við kunnum að meta gildi þessara auðæfa bæði til sjávar og sveita. Besta leiðin til að fræða þjóðina um ríki náttúrunnar, vernd og nýtingu, er myndarlegt og nútímalegt náttúrufræðisafn. Auk þess veitir slíkt safn öllum ómælda ánægju og er sífelld uppspretta nýrra uppgötvana.

Hópurinn hefur tekið saman stutta greinargerð um hlutverk og starfsemi náttúrufræðisafns og vill hér með koma henni á framfæri.

Við hvetjum . . . til þess að leggja málinu lið, t. d. með því að semja ályktun þar að lútandi. Æskilegt væri að þar yrði lögð sérstök áhersla á þá þætti í starfsemi náttúrufræðisafnsins sem að ykkur snýr.

Reykjavík, 17. apríl 1985.

F. h. áhugahóps um byggingu náttúrufræðisafns

Sólveig Georgsdóttir (sign.),

Ágúst H. Bjarnason (sign.),

Ævar Petersen (sign.),

Áslaug Brynjólfsdóttir (sign.),

Einar Egilsson (sign.),

Þór Jakobsson (sign.),

Sigurður Sigurðsson (sign.),

Helgi H. Jónsson (sign.).